

Reykjavík miðar afmæli sitt við fengin kaupstaðarréttindi 18. ágúst 1786. Eftir 6 ár eða 1986 á borgin stórafmæli, er hún verður 200 ára.

Fyrri afmæla borgarinnar hefur verið minnt á glæsilegan hátt, t.d. 150 ára 1936 og 175 ára 1961 með umfangsmiklum sýningum, útskemmtunum, og fleiru. Fljótlega hlýtur að koma að því að borgaryfirvöld ákvarði hvernig minnt verður 200 ára afmælisins því slíkt þarfnast jafnan nokkurrar umræðu og aðdraganda. Skemmtilegt væri ef hér gæti orðið um eitthvert varanlegt framlag að ræða sem opnaði framtíðinni möguleika á gleggri skilningi á sögulegum efnum borgarinnar.

Í eftirfarandi grein er sett fram hugmynd um slíkt átak en hún er í stuttu máli sú, að endurreisa Reykjavík ársins 1801 á eiðinu í Viðey. Líkindi eru til að þetta yrði framkvæmanlegt með að úthluta „gömlu löðunum“ upp á nýtt og gefa fólki færi á að reisa sér þar sumarhús eftir útlits-teikningum gömlu húsanna. Gæti það orðið næsta forvitnilegt fyrir borgarbúa og gesti borgarinnar að sjá þetta gamla þorp í nánast upprunalegu umhverfi.

Ómetanlegir möguleikar á kvikmyndun á sögulegu efni yrðu í þessu þorpi eins og vikið verður að nánar.

Byggingaminjar

Flestar borgir reyna að varðveita að einhverju leyti andrúmsloft sögu sinnar með varðveizlu byggingalegra minja. Þetta nær þó tæpast tilgangi sínum nema þar sem hægt er að varðveita sámlaga heilleg svæði. Slík gömul svæði eða bæjarhlutar í borgum erlendis hafa notið mikillar hylli. Má í þessu sambandi minna á Gamla stan í Stokkhólmi þar sem bílar hafa ekki aðgang og verzlunar eru hafðar í upprunalegum stíl til að draga fram hið gamla og skemmtilega andrúmsloft.

Í Reykjavík eru engin slík heilleg svæði til eldri en laust fyrir síðustu aldamót (Þingholtsstræti, Vesturgata, Grjóta-þorp).

Reykjavík fyrstu 100 árána, þ.e. frá 1750 til 1850, sér nánast ekki stað nema í gatnaskipan. Einn húsinn sem standa í dag og teljast mega til þessa tímabils eru Aðalstræti 10, hús Børnhöfts bakara, Stjórnarráðshúsið (án kvistsins) og dómkirkjan sem reyndar hefur verið hækkuð um eina hæð og breytt mikið að öðru leyti.

Þessarar vöntunar á byggingalegum minjum verður tilfinnanlega vart þegar draga þarf fyrir tímabil fram t.d. við gerð kvikmynda. Verður þá að grípa til þess ráðs að reisa framhliðar gatna eða ytri skel húsa, sem er aðeins á færi mjög fjársterkra aðila. Í einu meiriháttar Reykjavíkurmýndinni til þessa: Brekkukotsannál, varð að reisa Brekkukotið og „Hafnarstræti“ fyrir um 50 milljónir til að nota sem bakgrunn í kvikmyndinni en síðan var hvorutveggja ríft.

Ef Árbæjarsafni hefði verið valinn betri staður og umhverfið verið gert líkt því sem var í sjávarþorpinu Reykjavík hefði það getað nýtt að nokkru til kvikmyndunar.

Safnið hefur að vísu nokkuð verið notað til myndunar innanhúss en jafnvel það er verulegum annmörkum háð þar sem hvarvetna sjást blokkir og rafmagnslínur út um gluggana.

Þáttur Viðeyjar

Þegar Minjasafn Reykjavíkur var stofnað 1954 var Viðey til umræðu sem staður fyrir safnið, m.a. vegna þess að þar eru tvær sögufrægar byggingar; kirkjan og Viðeyjarstofa. Þar er nálægð við sjó og mikil náttúrufegurð. Því miður varð einhverra hluta vegna ekki af þessari ráðagerð, heldur var safninu valinn staður uppi á túni hjá sveitabýlinu Árbæ. Síðan fyrrgreindar hugmyndir voru uppi, hafa borgaryfirvöld ekki haft neina stefnu er varðar stöðu Viðeyjar og enni er allt óljóst um þau mál.

Einhverju sinni þegar undirritaður var að velta fyrir sér framtíð Viðeyjar yfir korti, kom hann auga á að landsháttum við eiðið í Viðey virtist svipa til upprunalegra staðháttá á eiðinu í Reykjavík, sem nú er oftast kallað kvosin.

Við athugun á tveimur kortum í sama mælikvarða (endurteiknun þeirra fylgir) kom í ljós að það er með ólíkindum, hversu allir staðhættir eru áþekkir; eiðin eru álíka löng og breið, vatnsflötur liggur að norðri og suðri, fyrir vestan eru hæðir báðar um 20 m og fyrir austan eru hæðir báðar um 30 m yfir sjó. Útsýni til Esjunnar er áþekkt en nokkur ókostur er að eiðið í Viðey sýnr austlæggar við norður en eiðið í Reykjavík.

Af þessu skaut sú hugmynd upp kollinum að hér væri einstæður möguleiki til að ná fram andblæ gömlu Reykjavíkur, en eins og bent var á hér að framan, eru það ekki nema að takmörkuðu leyti húsin sjálf, sem miðlað geta andblæ liðins tíma.

Í þessu sambandi eru allir þættir umhverfisins mikilvægir; garðar, grindverk, hjallar og kofar við húsin, kyrriát fjaran með bátum og öðru sem tengist sjósókninni og ekki síður önnur landslagseinkenni; — göngustígar, lækur, strönd og holt með sínu fjölbreytilega fuglalífi og gróðurfari.

Einhver kann að segja að það sé meira en að segja það að reisa þorp með um 50 húsum, sem eiga að vera í gömlum stíl a.m.k. að ytra útliti. Kemur þá upp sú hugmynd hvort ekki mætti reisa þessi hús sem sumarhústaði, en Viðey hefur marga kosti sem sumardvalarstaður fyrir Reykvikinga. Stærð húsa, — 40—60 fermetrar — er hentug fyrir sumarhús og vegna aukins áhuga á gömlum húsum er ekki ólíklegt að nógu margir aðilar findust.

Auðvelt er að ganga úr skugga um þetta atriði með einfaldari athugun, en með þessari tilhögun gæti þorpið risið með litlum tilkostnaði fyrir borgina. Hér væri því fyrst og fremst um að ræða að taka frumkvæðið og stjórna aðgerðum.

Að sjálfsögðu yrði þetta að gerast í góðri samvinnu við eiganda landnáðsins en e.t.v. koma makaskipti á landi borgarinnar til greina, — en hún á land vestast og austast á eyjunni, — ef fjármunir til kaupa á svæðinu eru ekki fyrir hendu.

Verður gamla Reykjavík endur reist á eiðinu í Viðey?


Hugmynd
Trausta Valssonar
arkitekts

um að reisa Reykjavík
ársins 1801 sem sumarhúsa byggð vegna 200
ára afmælis borgarinnar 1986

↑ REYKJAVÍK 1801

BERINN TEIKNADUR
INNA HÆDALÍNUKORT
TV JAN. '80


0 100 200 300m



↑ REYKJAVÍK 1801


ENDURB. BÆJARINS
Á EYÐINU Í VIÐEY
TV JAN. '80

0 100 200 300m



GÖNGUBRÚ

FRÁ GUFUNESI TIL
AUSTURENDA VIÐEYJAR
TV JAN. '80



Helztu skref í ákvörðunartöku í þessu máli virðast eftirfarandi:

1. Mótaðar verði hugmyndir um nýtingu og stöðu eyjunnar

Hér má t.d. nefna hugmyndir eins og sjóminjasafn í Viðeyjarstofu og öðrum hlutum býlisins. Þetta gæti einnig tengzt höfninni í austurhluta eyjunnar sem Milljónafélagið reisti og þar sem þorp var við lýði í nokkra áratugi.

Líklega er orðið of seint að tala um dýrasafn í Viðey þótt óneitanlega hefði hún verið skemmtilegri staður en svæði Sædýrasafnsins fyrir sunnan Hafnarfjörð.

Viðey sem gríðland fyrir borgarbúa


Sú ósk mun vera ofarlega í huga margra Reykvikinga að Viðey verði tryggð sem gríðland eða útivistarsvæði fyrir borgarbúa. Til þess að þetta geti orðið þurfa að koma fram skynsamlegar tillögur um notkun eyjunnar í þessu sambandi.

Fram að þessu hefur ríkt hér algert stefnuleysi; Tugir milljóna hafa farið í viðgerðir kirkjunnar og Viðeyjarstofu án þess að komið sé á hreint hvernig notkun þeirra verði háttáð. Á sumrum eru stopulár bátsferðir til eyjunnar en öll aðstaða heldur bágborin og vöntun á leiðsögu.


Ef tillagan um endurbyggingu gömlu Reykjavíkur á eiðinu fær hjómgrunn gæti þar orðið miðstöð starfseminnar, t.d. með kaffistofu og smáverzlunum. Á „Austurvelli“ mætti hugsa sér að haldnar yrðu útiskemmtanir, t.d. með þjóðdöns-um og jafnvel dansi á palli.

2. Nauðsynlegt er að ákveða fastan opnunartíma

Bæði til hagræðis fyrir borgarbúa og fyrir aðila í eyjunni þarf að ákveða fastan opnunartíma á sumrum. Föstum bátsferðum sem miðast við opnunartímann þarf síðan að koma á. Jafnframt þessu er



Lofmynd af Viðey. Örin vísar á eidið, þar sem aðstæðum svipar mjög til kvæðarinnar, sem fyrst byggðist í Reykjavík.



Teikning Aage Nielsen Edwin af Reykjavík 1801 og sem hægt væri að leggja til grundvallar, ef þessi bær yrði endurbyggður í Viðey.



Málverk Jóns Helgasonar biskups af miðbæjarkvosinni árið 1809. Hér munar að visu nokkrum árum, en breytingin á þeim tíma var ekki stórfelld.



Malarkamburinn, sem fyrst byggðist fyrir utan Innréttingahúsin neðan við Grjóta. Það er Sunchenbergs-verzlun, sem er næst á myndinni, en fjær sér útá Örfiriseyjargranda. Mynd eftir Jón Helgason biskup.

mjög nauðsynlegt að byggja göngubrú frá Gufunesi (sjá teikn.) en athugun hefur leitt í ljós, að þar er ekki dýrt að byggja brú vegna grunnsævis. Ekki er vafi á að sá möguleiki að geta farið í gönguferð út í eyjuna bæði að sumri og vetri yrði mjög vinsæll hjá borgarbúum og mikið notaður. Fyrr en göngubrú rís er ekki hægt að tala um að eyjan sé borgarbúum almennt opin.

Reykjavík ársins 1801

Snúum okkur nú aftur að hugmyndinni um að endurreisa gömlu Reykjavík á eiðinu í Viðey og þeim möguleikum sem þetta þorp gæti gefið við gerð kvikmynda.

Það þekkja allir sem unnið hafa við kvikmyndir sem gerast á fyrri tímum að mestu vandamálín eru bundin ummerkjum nútímans; rafmagnslínur, vegum, gaddavirgirdingum og hávaða, þannig að allt svigrúm til myndatöku er jafnan mjög takmarkað.

Hér hefur nær óbyggð eyja eins og Viðey mikla kosti og vegna þessa eins væri hún hentug við kvikmyndagerð. Óháð þessu er sá möguleiki að byggja þorpið Reykjavík í eyjunni á þann veg að nútímans verði aðeins mjög lítið vart.

Þetta hefur mjög mikið að segja í kvikmyndagerð, því að jafnvel í þorpum eða bæjum, þar sem húsin eru lítt breytt, skýtur nútíminn hvarvetna upp kollinum t.d. í formi nýrra girðinga, gangstétta, lita og sjónvarpsloftneta. Þrengir þetta oft svigrúm kvikmyndatöku mjög.

Þarfir kvikmyndatöku ættu þó ekki að valda íbúum í þorpinu í Viðey of miklum óþægindum því að sjálfsagt yrðu ekki gerðar kvikmyndir þar nema á nokkurra ára fresti. En tilvera þorpsins gæti samt ríðið baggamuninn um, hvort kvikmyndir úr gömlu Reykjavík væru fjárhagslega framkvæmanlegar. Sveigjanleiki í notkun þorpsins sem sögusviðs gæti orðið mikill þótt miðað yrði við árið 1801 í uppbyggingunni. Ef kvikmynd gerðist t.d. á tíma Innréttinganna væri þess gætt að Hafnarstrætishúsin sæjust ekki í mynd. Ætti myndin aftur á móti að gerast nær nútímanum, má nálgast það með því að bæta framhliðum nýrri húsa inn í þorpsmyndina. Sá möguleiki að geta myndað í þorpi eða bæ sem þessum gefur stórkostlega möguleika á að færa sögu borgarinnar sem og skáldsögur og leikrit sem tengjast henni nær okkur.

Að lokum skulu hér nefnd nokkur hugsanleg kvikmyndunarefni:

1. Með að láta byggðina rísa í tímaáföngum má gera skemmtilega kvikmynd um byggingarsögu bæjarinnar; fyrst landið óbyggt, síðan tvö þrjú hús, þ.e. „býlið Vík“, þá Aðalstrætið og síðast Hafnarstrætið.

2. Kvikmyndir eftir sögum og leikritum sem gerast að verulegu leyti í Reykjavík; Jörundur hundadagakonungur, Í Múrnur, Piltur og stúlka og Hans Vöggur.

3. Myndir um menn eða sagnfræðileg efni svo sem um Innréttingarnar, Skúla fógeta, Magnús Steppensen, um verzlun, útgerð, svo og um þætti úr mannlífni; stéttarskiptinguna, vatnsburðarfólk, eldvarnir og löggæzlu. **Trausti Valsson**